

Svar

**félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Ásthildi Lóu Þórsdóttur
um kærur til úrskurðarnefndar velferðarmála
vegna ákvarðana Vinnumálastofnunar.**

1. *Hversu margar kærur bárust úrskurðarnefnd velferðarmála vegna ákvarðana Vinnumálastofnunar frá ársbyrjun 2016 til ársloka 2021, sundurliðað eftir árum?*

2016 bárust 37 kærur.
2017 bárust 59 kærur.
2018 bárust 39 kærur.
2019 barst 71 kæra.
2020 barst 171 kæra.
2021 bárust 198 kærur.
2. *Hversu margar af þeim kærum voru vegna ákvarðana í málum á grundvelli:*
 - a. *laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006,*
 - b. *laga um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006,*
 - c. *laga um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirlvalda án þess að vera sýktir, nr. 24/2020,*
 - d. *laga um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum kórónuveirufaraldurs, nr. 155/2020,*
sundurliðað eftir árum?

a. 2016 bárust 37 kærur á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar.
2017 bárust 53 kærur á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar.
2018 bárust 37 kærur á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar.
2019 barst 71 kæra á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar.
2020 bárust 167 kærur á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar.
2021 bárust 195 kærur á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar.
b. Engar kærur bárust á þessu tímabili á grundvelli laga um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006.
c. Engar kærur bárust nefndinni á grundvelli þessara laga á árunum 2016, 2017, 2018, og 2019, enda höfðu löginn þá ekki tekið gildi. Á árunum 2020 og 2021 bárust þrjár kærur á grundvelli laganna.
d. Engar kærur bárust nefndinni á þessu tímabili vegna laga um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum kórónuveirufaraldurs.
 3. *Hversu mörgum umræddra kærumála var vísað frá á þeim grundvelli að Vinnumálastofnun tók mál kæranda til skoðunar á ný á meðan nefndin var með málið til umfjöllunar, sundurliðað eftir árum?*

Árið 2016 var einu máli vísað frá á þessum grundvelli.
Árið 2017 var tveimur málum vísað frá á þessum grundvelli.

Árið 2018 var einu máli vísað frá á þessum grundvelli.
 Árið 2019 var þremur málum vísað frá á þessum grundvelli.
 Árið 2020 var 18 málum vísað frá á þessum grundvelli.
 Árið 2021 var 22 málum vísað frá á þessum grundvelli.

4. *Hver var meðalmálsmeðferðartími umræddra kærumála, þ.e. frá því að kæra barst og þar til úrskurður lá fyrir, sundurliðað eftir árum, að undanskildum málum sem var vísað frá á þeim grundvelli að kæra barst eftir að kærufrestur rann út?*
 Málsmeðferðartími mála sem úrskurðað var í árið 2016 var 5,1 mánuður.
 Málsmeðferðartími mála sem úrskurðað var í árið 2017 var 2,6 mánuðir.
 Málsmeðferðartími mála sem úrskurðað var í árið 2018 var 2,7 mánuðir.
 Málsmeðferðartími mála sem úrskurðað var í árið 2019 var 3,0 mánuðir.
 Málsmeðferðartími mála sem úrskurðað var í árið 2020 var 3,3 mánuðir.
 Málsmeðferðartími mála sem úrskurðað var í árið 2021 var 3,0 mánuðir.
5. *Í hversu mörgum umræddra kærumála var málsmeðferðartími hjá nefndinni lengri en þrír mánuðir, sundurliðað eftir árum?*
 2016 var málsmeðferðartími í 83% mála lengri en þrír mánuðir.
 2017 var málsmeðferðartími í 29% mála lengri en þrír mánuðir.
 2018 var málsmeðferðartími í 32% mála lengri en þrír mánuðir.
 2019 var málsmeðferðartími í 42% mála lengri en þrír mánuðir.
 2020 var málsmeðferðartími í 68% mála lengri en þrír mánuðir.
 2021 var málsmeðferðartími í 65% mála lengri en þrír mánuðir.
6. *Hversu oft hefur Vinnumálastofnun höfðað dómsmál til að fá úrskurði nefndarinnar hnekkt, sundurliðað eftir árum og á grundvelli hvaða laga hin kærða ákvörðun var tekin?*
 Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun hefur stofnunin aldrei höfðað mál til þess að fá úrskurði úrskurðarnefndar velferðarmála hnekkt.